



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

63. tölublað 7. árgangur febrúar 2018 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Gáta febrúar

Hvað er það versta sem hendir tvo hestamenn?



Svar: Að þeir hnakkrist

Kæra skólasamfélag!

Febrúar heilsar okkur með öllum sínum uppbrotsdögum s.s. Degi leikskólans, bolludegi, viðtalsdegi, og fleira og fleira skemmtilegt. Í febrúar endar vetrarönn og vorönn byrjar 13. febrúar. Það er gaman að segja frá því að í janúar bættist einn nemandi við á leikskólastigi og það er hún Evlalía Kolbrún. Það er því bjart og skemmtilegt framundan í Árskógar skóla með hækkandi sól.

Sjáumst í skólanum, alltaf velkomin til okkar!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Muna aukafötin, það er kalt úti!

Allir nemendur hafa geymsluhólf fyrir aukaföt, allir fara út alla daga og því mikilvægt að það sé þægilegt að leika og læra úti í hlýjum fötum.




Dagur leikskólans

Priðjudaginn 6. febrúar verður *Dagur leikskólans* haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins. 6. febrúar er merkisdagur í íslenskri leikskólasögu því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín.

Í tilefni dagsins ætlum við að bjóða foreldrum leikskólabarna að koma og borða morgunverð með börnunum sínum áður en þeir halda til sinna starfa. Morgunverðurinn er í boði frá 07:45-9. Hlökkum til að sjá sem flesta.

Uppeldi til ábyrgðar

Grunnþarfirnar fimm



Vinsamlegast drepið á bílunum!

Nokkuð hefur verið um það að bílar séu skildir eftir í gangi fyrir utan skólann, sérstaklega þegar kuldinn er sem mestur.

Fyrir utan mengun sem þeir gefa frá sér meðan þeir eru í gangi viljum við benda á að oft eru börn á vappi í kringum skólann okkar og getur það skapað mikla hættu ef að bíll er skilinn eftir mannláus í gangi fyrir utan.


Svo vinsamlegast drepið á bílunum (og kippið lyklinum með inn)!

Takk kærlega fyrir tillitsseminu.

Bolludagur og öskudagur verða með hefðbundnu sniði hér í skólanum.

Á *bolludaginn* sjá elstu nemendur um bollubúð og allir fá að fara í búðina og gæða sér á bollu.


Á *öskudaginn* verður veitt **söngfrí** fyrir þá sem þess óska (foreldrar þurfa að fá leyfið). Börnin sem koma og ætla að eiga skemmtilegan dag með okkur mega endilega mæta í búningum. Kötturinn verður sleginn úr tunnuni og boðið er upp á andlitsmálningu fyrir þá sem vilja.



Á öskudaginn 14. febrúar lokar skólinn 12:00.

Samráðsdagur grunnskólastigs 15. febrúar, matsmöppur

Fimmtudaginn 15. febrúar er samráðsdagur grunnskólastigs en þann dag er engin kennsla. Nemendur mæta í skólann ásamt foreldrum og eiga spjall saman við umsjónarkennara um námið og skólalífið almennt. Matsmappa með umsögnum vetrarannar sem og sjálfsmati og völdum verkefnum fer heim dagana á undan og eiga nemendur að mæta með möppuna í viðtal. Minnum foreldra á að kvitta fyrir möppunni og skrifa eitthvað jákvætt og uppbyggjandi. Viðtalstímar verða sendir út í byrjun febrúar.



Hagnýtar upplýsingar

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2017-2018](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: arskogarskoli@dalvikurbyggd.is



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Viðburðadagatal febrúar 2018

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

			1 Dúkku og karladagur á Kötlukoti allir fá tannburstun 	2 Dagur stærðfræð- innar 	3	4
5 Skipulags- dagur Lokað 	6 Dagur leikskólans 	7	8	9 Vetrarönn lýkur Matsmöppur heim	10	11
12 Vorönn hefst Bolludagur 	13 Sprengidagur 	14 Öskudagur Skóli lokar 12 	15 Viðtöl 1.-5.b	16	17	18 Konudagur
19	20	21 Rómeó Bent 1 árs 	22	23	24	25
26	27 Elvý Inga 9 ára 	28				